



Reykjanesbær, 24. febrúar 2023
Mál nr. 2022100418

Reglur um gistiheimili á íbúðasvæðum í Reykjanesbæ

Reykjanesbær er umsagnaraðili vegna umsókna um leyfi fyrir rekstri gistiheimila. Eftirfarandi reglur eru skilyrði jákvæðra umsagna. Aðrir umsagnaraðilar eru Brunavarnir Suðurnesja og Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Leyfisveitandi er Sýslumaður.

1. Reglugerðin um gistiheimili á við gististaði í flokki II skv reglugerð nr 1277/2016
2. Minni gistiheimili miðast við að fullorðnir gestir séu ekki fleiri en 10.
3. Minni gistiheimili eru heimil með skilyrðum í sérbýli, einbýli par- og raðhúsum en eru ekki heimil í fjölbýlishúsum, nema sami eigandi sé að öllum íbúðum í húsinu.
4. Meðeigendasamþykkis er krafist vegna raðhúsa og parhúsa. Séu fleiri en einn eigandi einbýlishús er einnig krafist samþykkis allra eigenda.
5. Bílastæði skulu vera innan lóðar, annars sérstaklega um þau samið. Fjöldi bílastæða miðist við 1 stæði á íbúð og 1 stæði fyrir hver 4 gistirými.
6. Heimilt er að samnýta bílastæði á nærliggjandi lóðum með samþykki lóðarhafa
7. Erindi berist umhverfis og skipulagsráði sem ákvarði um heimild sem er staðfest af bæjarstjórn. Umgjörð og ferill er sambærilegur við grenndarkynningu, 44.gr 2. og 3. mgr. skipulagslaga nr 123/2010
8. Við endurnýjun starfsleyfis eða endurskráningu verði ákvörðun um heimild fyrir rekstri gistiheimilis endurskoðað og metið hvort aðstæður í nágrenni og forsendur heimildar hafi breyst.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Reykjanesbæjar 21. febrúar 2023